

# **Skólaráðsfundur 15.mars 2012 kl. 15.**

Fundur settur kl. 15:10

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri  
Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri, Helga Guðjónsdóttir varamaður fulltrúa starfsmanna, Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra, Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins og Rut Svavarsdóttir fulltrúi nemenda.

Forföll boðuðu: Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara og Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara,

## **Fundarefni:**

1. **Öryggi, aðbúnaður og almenn velferð nemenda ( sbr. hlutverk skólaráðs). Gengið verður um skólann og skoðað.**  
Gengið um skólann, aðbúnaður skoðaður og sérstaklega var athugað hvort að skápar sé festir við vegg.

2. **Umferðaröryggi og umferðarmening í nágrenni skólans**  
Skólinn hefur tvisvar sent bréf til foreldra um það að leggja ekki í Hjallahlíðinni en íbúar þar hafa kvartað sérstaklega yfir mikilli umferð inn götuna. Einnig var sendur póstur til foreldra leikskólabarna um þetta þar sem þeir leggja gjarnan þarna því þá er styttra fyrir þá að fara í leikskólann með börnin sín.  
Mynda sameiginlega nefnd með foreldrum úr Varmár- og Lágafellsskóla ásamt fólki frá stofnunum bæjarins til að skoða þessi bílamál í heild sinni.

3. **Foreldravika**

Verður á sama tíma og þemavikan í skólanum. Hugmyndir hvernig hægt sé hvetja foreldra miðstigs og elstu nemenda sérstaklega til að koma í heimsókn t.d. með því að skipta foreldrum niður á ákveðna tíma þannig að það séu alltaf einhverjir á staðnum.  
Senda rafrænt boðsbréf til allra foreldra. Reyna að mynda Carnival stemmingu á þessum dögum.

4. **Önnur mál**

-Hreiðar sagði frá fundi fulltrúa skólans við fræðslunefnd sem gekk vel  
-Rúmlega 80 nemendur í 1.bekk eiga skólagöngu hér næsta vetur og árgangurinn þar á eftir verður enn stærri. Hugsanlega þarf að endurskoða hverfaskiptingu þar sem skólinn er sprunginn.  
-JM sagði frá slysi sem átti sér stað upp í Reykjakoti þegar skápur sem átti að vera veggfastur féll yfir starfsmann.